

Kafli 5

Siðferðisþjálfun

Til þess að meðferðarefni sem ætluð eru ungmennum sem eru félagslega illa staddir beri tilætlaðan árangur þarf það að innihalda siðferðisþátt (Gibbs, Potter & Goldstein, 1995). Það er undarlegt að næstum öll ungmenni sem eiga við félagsleg vandamál að stríða leggja áherslu á mikilvægi siðferðilegra gilda, svo sem að halda loforð, segja satt, hjálpa öðrum, bjarga mannlífum, að stela ekki og fara eftir lögum (Gregg, Gibbs, & Basinger, 1994). Fáir þau að velja milli hugsanlegra heimsmynda, velja þau hana án ofbeldis og þar sem fólk ber umhyggju hvert fyrir öðru. Flest þeirra geta einnig komið með tillögur að lausnum á tilbúnum félagslegum vandamálum. (Gibbs, Potter & Goldstein, 1995).

Prepare-prógrammið/efnið tekur mið af takmörkunum illra staddra ungmennanna, sem hindrar þau í að uppfylla þessa jákvæðu getu. Ef þau eru t.d. spurð hvers vegna siðferðileg gildi eins og einlægni og virðing fyrir eigum annarra eru mikilvæg, koma fram hjá sorglega mörgum þeirra ástæður sem eru vanþroskaðar eða sýna seinan þroska. (t.ex. Gregg et al., 1994).

Í þessum kafla útlistum við bakgrunninn og aðferðirnar í siðferðisþjálfunarþættinum í Prepare. Við kynnum og útskýrum vitsmuna-þróunarkenninguna um þroska og seinkun siðferðisvitundar, skoðum lítilla efni í siðferðisþjálfun sem hefur verið notað til að ráða bót á slíkri seinkun. Þar að auki kynnum við hvernig siðferðisþjálfunin fer fram og kynnum efni námskeiðisins.

Bakgrunnurinn: Þróun og seinkun félagslegs siðferðis.

Samkvæmt Piaget og Kohlberg þroska börn félagslega yfirsýn og siðferðilega rökfærslu í sínum eðlilegu gagnvirku samskiptum við aðra. Hvort sem siðferðileg rökfærsla er þroskuð eða seinkuð hefur hún áhrif af því að “eins og við hugsum, framkvæmum við”. Seinkun í hugsun og í hegðun þýðir tvö vandamál: langvarand vanþroski í siðferðilegri rökfærslu og þrálátri og áberandi sjálfselsku. Siðferðisþjálfunin í Prepare dregur úr þessum einkennum.

Seinkun sem langvinnur vanþroski í stigum siðferðilegrar rökleiðslu.

Við túlkun Kohlbergs (1969, 1973, 1984) á aðal þroskastigunum á siðferðilegum þroska og vanþroska. Stig 1 og 2 lýsa vanþroska eða yfirborðskenndum siðferðismati. Barn eða fullorðinn sem er á þessu stigi er með seinkun á þroska í siðferðilegri rökleiðslu. Stig 3 og 4 samsvarar þroska eða djúpri siðferðilegri rökleiðslu og á að vera reglugjafi í öllum menningum. Þessi fjögur stig eru tekin saman í töflu 5.1.

Tafla 5.1
Stig siðferðilegrar rökleiðslu

Vanþroski: Stig 1 og 2

Stig 1: Vald – “Sá sterki hefur rétt fyrir sér.”

- Siðferði er það sem mikilvægar eða valdamiklar manneskjur segja að verði að gera. Ef þú ert stór eða valdamikill er allt rétt sem þú segir, og allt sem þú vilt eða gerir er réttlátt.
- Ef þér er ekki refsað fyrir það sem þú gerir, eða ef enginn valdhafi sér til þín, er allt GOTT/OK. Það eru mistök ef þú næst; það er hegningin sem veldur mistökunum.
- Líkamleg eyðilegging eða annar augljós skaði – en ekki sálfræðileg líðan – er tekið eftir og litið á sem mistök.
- Einstaklingar leitast við að hefja sig upp á klisjum (“Það á aldrei að ljúga”) án þess þó að skilja hvað það þýðir.

Athugasemdir

- Á þessu fyrsta stigi skilja einstaklingarnir ekki siðferðileg rök fyrir reglum; þeir eiga erfitt með gagnkvæmni ef gert er ráð fyrir að þeir eigi að sjá hlutina út frá fleiri sjónarmiðum í einu, þeir eru bestir í því að sjá þá út frá sjónarmiði þess líkamlega sterkasta.

Stig 2: Samkomulag – “Ég fæ mitt og þú færð þitt”

- Siðferði er að hafa skipti á þjónustu (“Ég gerði þetta fyrir þig, þá verður þú að gera eitthvað í staðinn fyrir mig”), eða hnefarétturinn (mistúlkun á gullnu reglunni svo hún hljómar svona “Gerðu öðrum það áður en þeir gera þér” eða “Hefndu þín, áður en þeir geta hefnt sín á þér”).
- Áður en þú hjálpar eða hlýðir öðrum skaltu spyrja þig “Hvað græði ég á því?”
- Fyrsta ástæða fyrir því að maður á ekki að stela eða ljúga o.s.frv. er að maður gætir verið gripinn.
- Einstaklingar geta haldið því fram að enginn (jafnvel þeir sem eru í löggildum störfum yfirvalda) eiga rétt á að “skipa öðrum fyrir,” fólk á að hafa sitt fyrir sig, að allir eru með sína eigin sýn á hvað er rétt, og að allir megi gera og hugsa eins og þeir vilja.

- Einstaklingurinn getur lagt til að þú eigir að “laga það”, ef einhver fær meira en þú.

Athugasemdir

- Einstaklingar á stigi 2 eiga erfitt með að skilja gagnkvæmni í samskiptum. Eiga einnig til að vera sjálfhverfir og eiga auðveldara með að sjá ef aðrir eru óréttlátir eða láta vera að gera hluti fyrir þá, en þegar þeir sjálfir eru óréttlátir eða láta það vera að gera eitthvað fyrir aðra.

Þroskaðar siðferðireglur: Stig 3 og 4

Stig 3: Gagnkvæmni – “Komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig.”

- Með gagnkvæmu siðferði fær sanband merkingu í sjálfu sér. “Traust” og “gagnkvæm umhyggja” verða raunveruleg og mikilvæg einnig ef þau eru óhlutstæð.
- Manneskjur geta raunverulega tekið tillit hvort til annars, geta borðið traust hvort til annars, og geta verið hluti af hóp.
- Þú ættir að reyna að skilja ef vinur þinn hegðar sér á eigingjarnann eða sjálfhverfan hátt.
- Þú ættir að reyna að koma vel fyrir svo aðrir skilji að þú ert velviljaður og að þú getur haft háar hugmyndir um sjálfan þig.

Athugasemdir

- Hugsunin í stigi 3 felur í sér hlutdeild í lífi annarra manna. Manneskjur sem hugsa á þennan hátt geta orðið svo uppteknar af því hvað aðrir hugsa um þær, að þær verða að “siðferðilegum vindhönum” undir erfðum kringumstæðum.

Stig 4: Kerfi- “Hvað leggur þú til þjóðfélagsins?”

- Þetta siðferðistig ber í sér samheldni og samvinnu til hagsmuna fyrir samfélagið. Samheldni getur ekki lifað nema fólk beri virðingu fyrir rétti hvors annars og uppfyllir skyldur sínar.
- Að bera virðingu fyrir skildum sínum ber vott um góða innrætingu.

- Ef þú ert í stöðu dómara, kennara, eða einhvers sem hefur félagsleg völd, ættirðu að halda uppi réttlátum reglum (en einnig að taka mið að mildari aðstæðum).
- Það getur reynst óvinsælt að halda fram heiðarleika og sjálfsvirðingu í erfiðum aðstæðum.

Athugasemdir

- Hugsunin á stigi 4 getur virst vísa til siðferðilegs réttlætis og virðingar fyrir réttlæti og skyldum sem grunnþætti þjóðfélagsins. Félagslegu gildin í stigi 4 eru frekar aukning á, en til að koma í staðinn fyrir meðalmanneskjuleg siðferðileg gildi í stigi 3.

Yfirborðskennd er almennt séð merki um ónógan siðferðisþroska. Stig 1 er yfirborðskennt þar sem siðferðileg gildi eru réttlætt með ápreifanlegum eða líkamlegum eiginleikum t.d. “Pabbi ræður af því að hann er stærri”. Að bjarga fleiri en einu mannlífi er sérstaklega mikilvægt vegna þess að, eins og eitt af ungmennum Kohlbers (1984) orðar það “ein manneskja á bara eitt hús og kannski mikið af mublum, en slatti af fólki á mjög mikið af mublum” (s192). Stig 2 er meira byggt á sálfræði, en er enn yfirborðskennt á raunsæan hátt. Ungmenni á stigi 2 halda því fram t.d. að það sé mjög mikilvægt að halda loforð, svo maður geti verið viss um að aðrir haldi loforð við þá og geri góða hluti fyrir þá, og að halda öðrum frá að verða reiðir út í þá. Þegar þeir nálgast stig 3, verða siðferðilegir dómur ekki eins yfirborðskenndir og þroskaðri skilningur á félagslegum stöðlum og gildum byrja að vaxa. Stig 3 nær yfir raunsæi til að ná gagnkvæmri vídd/yfirssýn. Piaget (1932/1965) lýsir þessu sem þróun frá “gagnkvæmni sem staðreynd” til “gagnkvæmni sem hugsjóna” eða yfir í “komdu fram við aðra eins og því vilt að sé komið fram við þig” (s. 323). Þegar ungmennin eiga í samskiptum í stærra samhengi – háskólinn, vinnustaðurinn, á ferðalögum o.s.frv. víkkar skilningur á þörfinni á gagnkvæmni í stigi 3 í kunnáttu um nauðsinina á að vera samþykktur, eins gildi og gagnkvæmar kröfur, það er að segja í stigi 4. Eins og eitt af eldri viðfangsefnum Kohlbergs orðaði það “Það verður að vera viss skilningur á hlutum sem allir virða, annars kemst maður ekkert áfram í samfélaginu, gætir aldrei gert neitt”(Colby et al., 1987,s375).

Samantekið þá þroskast barn vanalega frá tiltölulega yfirborðskenndu (líkamlegu, hentistefnu) stigi yfir í dýpra eða þroskaðra stig af meðalmennsku og siðferðilegum boðskap. Ungmenni sem jafnvel á unglingsárunum sýna lítil eða engin merki um siðferðilegar rökfærslur umfram stig 2 er hægt að líta á sem seinþroska. Heima, í skólanum eða úti í samfélaginu hafa þau fengið of fá tækifæri til að setja sig í spor annarra. (Gibbs, 1995) Í rannsókn þar sem seinþroski er greindur út frá siðferðilegum forsendum út frá ólíkum siðferðisviðmiðum, verðum við var við seinkun á öllum

sviðum. (Gregg et al., 1994). Það svið þar sem seinkunin er mest snýst um að fara eftir lögum. Ungmenni sem ekki hafa orðið uppvis um að fremja afbrot eru vanalega á stigi 3- t.d. sameiginlegar væntingar fólks til þess að lögum sé fylgt; sjálfselska við lagabrot og þar af leiðandi vandræðin sem fylgja, óöryggi, eða að missa trúna á heiminn. Andstæðan aftur á móti, afbrotaungmenni sem beita sig rökleiðslu sem vísar til hættunnar á því að nást og verða settur í fangelsi. (stig 2)

Seinkun sem er alltaf til staðar og hefur verið úrskurðuð sem vitsmuna brenglun

Verk Yochelson og Samenow (1976, 1977) og Gibbs og Potter (1992) hafa borið kennsl á röð hugrænna villa sem eru sérstaklega venjulegar hjá létt pirruðum og árásargjörnum unglíngum. Þær venjulegustu eru *sjálf-miðaðar* hugsanavillur sem endurspeglar einstaklega sjálfhverfar hneigðir. Gibbs, Potter, og Goldstein (1995) skýra slíkar hugsanir sem “að svo miklu leiti sem staða til hugmynda hans sjálfs, eftirvænting, þarfir, réttindi, tafarlausar tilfinningar, og langanir upp að slíku magni að lögmætum skoðunum, o.s.frv., annarra....eru tæplega virtar eða er ekki gefinn gaumur” (p.108). Hjá Gibbs, Barriga, og Potters (1995) *Hvernig ég hugsa spurningalistinn*, áætlun gerð til að mæla vitræna brenglun, eru unglíngarnir sammála um að þeir sjái heiminn greinilega sjálf-miðað, með sjálfhverfum gleraugum á eftirfarandi hluti:

- Ef ég sé eitthvað sem mér líkar, þá tek ég það
- Ef ég lýg að fólki, kemur það engum við nema sjálfum mér
- Ef mér langar virkilega til að gera eitthvað, skiptir það mig ekki máli hvort það er löglegt eða ekki.
- Þegar ég verð reiður, kemur mér ekkert við hvort ég særi aðra. (p.227)

Eins og þessi atriði endurspegala eru þær sjálfhverju lífsreynslu hneigðir ég-fyrst, ég-einungis afstaðan til lífs reynslu. Slíkar hneigðir eru eðlileg einkenni hugsunar og hegðunar í barnæsku; ungt barn getur lýst yfir, “Ég á að fá það af því að ég vil fá það!” eða “Allt sem ég vil það er rétt!” Lickona (1983) lýsir þessu “mig-miðað” á eftirfarandi hátt:

Sérstaklega þegar stig 2 er fyrst að koma fram, virðist orkan fara í að standa fast á þörfum og væntingum þeirra og að láta heiminn aðlaga sig að þeim. Þau hafa sérstaklega næman Óréttlætis Nema þegar kemur að því að finna alla þætti þar sem fólk er óréttlátt við þau. En þau hafa stóran blindan blett þegar kemur að því að sjá þegar þau eru sjálf óréttlát við aðra og þegar foreldrar og aðrir gera eitthvað fyrir þau. (p. 149)

Venjulega minnka sjálfhverfar hneigðir með reynslu þegar börnin sjá eigin-áhuga í ljósi velfarnaðar annarra. Að sjálfsögðu, höldum við öll áfram að vera aðeins hlutdræg. Jafnvel sem þroskaðir fullorðnir “upplifum við okkar eigin skoðanir meira og minna beint, en aftur á móti verðum við að ná skoðunum annarra á óbeinni hátt....Við eigum oftast erfitt með að slökkva á okkar eigin skoðunum að fullu, þegar við reynum að

draga ályktanir af skoðunum annarra.”(Flavell, Miller, og Miller, 1993, p. 181). Þegar við fjöllum um andfélagsleg ungmenni er það vanmetið að segja “Að slökkva ekki alveg á skoðunum sínu”. Rangfærslur þessara sjálfhverfu ungmenna liggja enn á sama stigi og hjá barni. Fangelsuð afbrota ungmenni í okkar hópi hafa, þegar þeir fjalla um búðarhnúpl og önnur brot sín, rifjað upp að hugsun þeirra á þeim tíma væri sú að þeir gætu gert það sem þeim sýndist og komist upp með það. Tilfinningar þeirra til fórnarlamba árásanna eru ekki til staðar.

Að ganga út frá því versta er næst algengasta vitsmuna brenglun sem á sér stað hjá árásargjöörnum ungmennum. Það er brenglun sem er augljós á marga vegu - trúin á að hegðun manns og annarra geti ekki breyst, að trúa á það versta í fólki og hegðun þeirra, og almennarra, að trúa að það versta geti gerst í lífinu. Samt er það sem aðallega vekur upp reiði einkennin, sem Dodge og rannsóknar hópur hans (Dodge, 1980; Dodge, Price, Bachorowski, & Newman, 1990) hafa komist að er að þessi ungmenni halda alltaf að aðrir séu með fjandsamlegan ásetning. Vafasöm hegðun annarra er túlkuð sem vísvitandi óvinveitt athöfn. Augnaráð frá öðru ungmenni í matsalnum í skólanum eða skólalóðinni er skilið sem stara, áskorun, og sem ógnun frekar en saklaust augnaráð sem það oft er. Smá ýtingur á göngum skólans á milli bekkja upplifir viðkomandi sem ásett “huns”, uppsett en ekki óvænt atvik. Ungmennin hafa tilhneigingu til að búast við því versta, eins og mælt var af *Hvernig ég hugsa Spurningalistanum*, og samþykkja að

- Þú getur alveg stolið. Ef þú gerir það ekki, þá gerir einhver annar það.
- Ég get alveg logið – því þegar ég segi satt, trúir fólk mér hvort sem er ekki.
- Fólk er alltaf að reyna að rifast við mig.
- Það er betra að særa fólk, áður en það særir þig. (p.227)

Bæði sjálf-miðað og að búast við því versta er brenglun sem er auðveldara að sætta sig við þegar ytri sýn á veröldinni er þannig að “ekkert er mér að kenna!” Þessi, þriðja langvarandi hugræna brenglun hjá þessum reiðu, árásarhneigðum ungmennum er að *kenna öðrum um*. Gibbs, Barriga, og Potter (1995) lýsa þessum misskilningi sem

Að kenna röngum aðila um skaðlegar gjörðir mans og þá sérstaklega gagnvart öðrum einstaklingi, hópi, eða eða tímabundið breyttu ástandi (var drukkinn, skakkur, í vondu skapi, o.s.frv.), eða kenna því um að maður sé þolandi. Ungir innbrotspjófvar sem gera lítið úr samvisku sinni með því að kenna þolanda um (þau stóðu sig ekki í að gæta heimilis sína og áttu því skilið það sem þeir urðu fyrir) voru uppteknr af því að kenna öðrum um. (p.111)

Þeir unglingar sem eru sammála þessum staðhæfingum sem á eftir fylgja koma svo upp um sig að þau eru alltaf að kenna öðrum um:

- Ef fólk er ekki tilbúið í samvinnu við mig, er það ekki mér að kenna ef einhver á eftir að meiðast.
- Fólk neyðir mig til að ljúga þegar ég er spurður of margra spurninga.

- Þegar ég missi stjórn á mér, er það vegna þess að fólk reynir að reyta mig til reiði.
- Ef einhver er svo hirðulaus að hann týnir veskinu sínu, á hann skilið að því verði stolið.

Einnig er það hugsunin sem inniheldur að gera lítið úr, eða gefa vitlaust heiti á yfirsjón svo sem að “draga upp mynd af andfélagslegri hegðun sem veldur ekki skaða eða sem er samþykkt og jafnvel lítið upp til” (Gibbs, Barriga, & Potter, 1995, p. 113). Eins og þessir höfundar segja, slík hugsun þjónar og styður sjálfhverfu með því að veikja hömlur á árásum og draga úr samviskubiti. Hér styðja ungmennin *Hvernig hugsa ég spurningar* eins og þessar:

- Allir ljúga. Það skiptir ekki máli.
- Ef þú veist að þú kemst upp með það, þá væri sá fífl sem ekki myndi stela.
- Fólk sem er barið illa finnur líklegast ekki mikið til.
- Þú verður að jafna um við fólk sem sýnir þér ekki virðingu.

Í viðbót við þessa fjóra villur í skilningi og vitsmunum, réttlæta sjúklega árásgjörn ungmenni falska eftirgjöf, þar sem þeir trúu að aðrir hegði sér eins og þeir. Þeir halda líka uppi sterkum vörnum gegn breytingum, eða festast, jafnvel þó þeir horfist í augu við staðgóðar gagnstæðar sannanir.

hugsanavillum verður ekki breytt auðveldlega. Það er dæmigert að þeir hafa fengið góða þjálfun, eru vel brýndir gegn því að breyta um skoðun, og eru fastir í þessum hugmyndum sínum svo árum skipti. Tækni sem getur nýst í því skyni er kölluð vitsmunaleg enduruppbygging (e. Cognitive restructuring) og kemur fram í töflu 5.2. Árangursríkasta notkunin eins og Gibbs, Barriga, og Potter (1995) sýna, virðist koma best út í hóp, þar sem leiðbeinendur og þátttakendur taka höndum saman við tilraun til enduruppbyggingar.



Tafla 5.2
Leiðir til að endurskoða hugsanir okkar
Fyrir sjálfsþjálfun

1. Veltu fyrir þér vísbendingunum
2. Rökræddu / véfengdu órökrétta trú
 - Snúðu við dæminu: Settu ábyrgðina á gerandan án þess að setja ábyrgðina á aðra
 - Endurtúlkaðu: þú skalst notast við jákvæðar túlkanir á neikvæðri hegðun
 - Gangtu á þann sem gerir rangt: Gerðu misgjörðarmanninn uppvisan um hvaða áhrif athafnir hans hafa.
3. Beindu athyglinni að jákvæðum áreitum í umhverfinu
4. Dragðu úr alvarleika aðstæðnanna: Hvað er það versta sem gæti skeð?
5. Skoðaðu leiðir og aðra kosti: Finndu nokkrar lausnir.
6. Vertu ákveðinn í svörum fremur en árásgjarn í svörum
7. Reyndu að komast hjá því að hgusa mikið um atburði sem reittu þig til reiði.
8. Dragðu úr hugsunum sem gera mikið úr atburðinum sem vakti reiðina
9. Hugleiddu bæði skammtíma og langtíma afleiðingarnar af annars vegar árásgjarnri hegðun og hins vegar félagsjákvæðri hegðun
10. Skipulegðu og æfðu félagsjákvæða hegðun, skref fyrir skref

Framsetning siðferðisþjálfunar

Þegar andfélagsleg hegðun endurspeglar þroskaseinkun í siðferðilegum rökræðum og sjálfhverfa skekkju, er markmið árangursríks inngrips að bæta úr þessu þroskafráviki. Í raun og veru þurfa, andfélagsleg ungmenni að lenda í vænum skammti af félagslegum aðstæðum þar sem þau geta valið sér sjónarhorn. Það er megin áherslan í mörgum inngripum sem hönnuð eru fyrir unglinga í óæskilega hegðun. Til dæmis í Réttlætis Samfélags verkefnum, er skólinn eða meðferðar stofnanirnar byggðar á megnireglum um lýðræði og réttlæti. Stúdentar eða íbúar taka þátt í að gera og framfylgja þeim reglum sem stjórnar samfélagi þeirra (Hickey & Scharf, 1980; Higgins, 1995; Power, Higgins, & Kohlberg, 1989). Einnig minni einingar, sum verkefni nota umræður jafningjahóps, sem tekur fyrir félagsleg vandamál sem eru til staðar eða erfiða stöðu til að örfa unglignana til að taka rétta afstöðu. Þátttakendur verða að réttlæta afstöðu sína frammi fyrir áskorunum frá þroskaðri jafningja og frá fullorðnum stjórnanda (e.g., Gibbs, Arnold, Ahlborn, & Cheesman, 1984).

Seinkun á þróun Félagslegs siðferðis er alvarleg fötlun fyrir ungmenni sem eru að reyna að hjálpa hvor öðrum. Til dæmis, ungmenni sem stela og ljúga verða varla hjálpað af hópi unglinga sem er með siðferðilegar skoðanir sem bera virðingu fyrir slíkum vandamálum skv. stigi 2. Í slíkum hóp er nauðsynlegt að hafa fundi um félagslega ákvarðanatöku til að örva þroskaðri skilning á gildum um sannleika og virðingu fyrir verðmætum. Aðrir fundir um félagslega ákvarðanatöku gætu fjallað um

ólíka gildis þætti, eins og vini eða fjölskyldutengsl, eða um að geta staðist eiturlyf, og koma í veg fyrir sjálfsmorð.

Fundur um félagslega ákvarðanatöku

Prepare stuðlar að þróun á rökleiðslu í félagslegu siðferði í gegnum fundi um félagslega ákvarðanatöku. Kjarni fundanna samanstendur af Siðferðiþjálfun. Markmið okkar er að auðvelda framfarir um stigin í siðferðisþroska svo að ungmennin taki þroskaðri ákvarðanir í félagslegum aðstæðum. Þarna er ekki átt við að trufla persónulegt siðferði eða fyrirskipta siðferði hóps.

Vandamála aðstæður sem kenna þroskaðra siðferði

Á þessum fundum um félagslega ákvarðanatöku, berst hópurinn fyrir því að þróa getuna til að taka þroskaðri ákvarðanir sem snúa að sérstökum vandamála aðstæðum, kynnt á bls. 341-376. Þessar 10 vandamála aðstæður, eiga rætur að rekja í ýmsar uppsprettur og birtast upprunalega í bók Gibbs, Potter, og Goldsteins (1995) *The EQUIP Program*, sem er hannað til að skapa tækifæri fyrir þátttakendur til að taka sjónarhorn annarra.

Umhverfið sem kynnt er spannar frá heimilinu í skólann eða frá betrunarstofnunum til vinnustaðarins. Í hverjum aðstæðum er fullorðnum einstaklingi lýst með vanalegt vandamál, sem er til komið vegna einhvers annars með vandamál (mjög áhrifamikil leið til að koma af stað óvarinni og hlutlausri umræðu). Í tilviki vitsmunalegrar brenglunar, eru öll vandamál vinananna sjálfmiðuð. Eftir lýsingu á hverjum aðstæðum eru settar fram könnunarspurningar sem fá þátttakendur til að skoða aðra vitsmunalegra brenglun (að kenna öðrum um, lágmarka/vitlaus ábending, gera ráð fyrir því versta). Þessar spurningar eru til þess að fá fram ályktun um vandamálið með því að kalla fram siðferðilegt gildi eins og að halda loforð eða að segja satt, hjálpa öðrum, að bjarga lífi/að lifa jafnvel þó þú viljir það ekki, að stela ekki, að fara eftir lögum, eða að senda lögbroti í fangelsi. Umdeildar spurningar geta vakið upp virka samkeppni milli jafningja(eða, ef nauðsynlegt, frá stjórnanda hópsins).

Jafnvel meðal andfélagslegra fullorðinna, verður afstaða til spurninganna um vandamálið meðal meirihluta hópsins jafnan jákvæð, ábyrgt svar og þroskað. Nemandi sem kemur fram með neikvæða afstöðu og réttlætir hana á Stigi 1 eða 2 gæti tapað fyrir þroskaðri afstöðu og upplifir þá vandamál eða “ójafnvægi” af því að þurfa að gefa sig fyrir meirihlutanum. Ójafnvægi getur því verið áriðandi ef hópmeðlimur sem notar aðallega vanþróuð stig siðferði nær fram meiri ávinningi með þroskaðri félagslegu siðferði.

Þrátt fyrir að klípu sögurnar (t.d., að reyna að tala vin ofan af því að stela bíl) hafi almennt “réttá” eða ábyggilegt svar, er rétta svarið ekki strax augljóst (t.d., hópurinn getur ákveðið að fylgja ef vandamálið er lágmarkað og vitlaus ábending með þeirri vitsmunalegu brenglun að “gera skemmtilega hluti með vinum”). Svipaðar vandamála klípur eru þar sem rétta svarið er að segja frá vini (t.d., ef vinurinn er í viðskiptum með eiturlyf) gæti í fyrstu virst sem klípa þar sem jafningja mórallinn að maður eigi ekki að “kjafta frá” einhverjum er mjög sterkur.

Klípusögurnar eru skrifaðar fyrir unga karlmenn; þrátt fyrir það er auðvelt að aðlaga þær að kvenmönnum með því að setja kvenmanns nöfn og breyta aðstæðum. Könnunar spurningarnar eru þá breytt í samræmi við það.

Undirbúningur fyrir fund um félagslega ákvarðanatöku

Ef mögulegt dreifið eintaki af klípunni til hvers einstaklings í hópnum áður en tíminn byrjar. Miðað við svörun nemandanna við aðstæðunum, þá undirbýr stjórnandinn kort sem er notað á fundinum. T.d. varðandi klípu Jerrys (pp. 343-346) þá kallar hún á jákvæða ákvörðun (trúnað til gamals vinar, Bobba) en kynnir freistingu á móti að gera það rétta (að hafa gaman með spennandi nýjum vinum, félögum Jerrys í körfunni) það jákvæða (ábyrgð, sanngjarnt, væntumþykja) ákvörðunin er að fara í partíið hans Bobba. Tafla 5.1 sýnir dæmigerðar ákvarðanir varðandi vandamál Jerrys. Takið eftir því að svörin eru ekki öll jákvæð (partíið hans Bobba); sum eru t.d. “get ekki ákveðið það” og sum eru “fara með liðinu”. Slík blanda af svörum er góð – fjölbreytni ýtir undir líflegar umræður og skapar þroskandi örvandi ójafnvægi sem óþroskaðir einstaklingar í hópnum þarfnast.

Tafla 5.1
Svör við klípu Jerrys

	Fjöldi spurninga						
Nafn	1	2	3	4	5	6	7
Dagur	Afmæli	Liðið	Afmæli	Afmæli	Liðið	Nánir vinir	liðið
Davíð	Liðið	Liðið	Liðið	Afmæli	Liðið	Nánir vinir	Liðið
Tómas	Veit ekki	Afmælið	Liðið	Afmæli	Liðið	Nánir vinir	Veit ekki
Róbert	Afmælið	Afmælið	Afmælið	Afmælið	Veit ekki	Nánir vinir	Liðið
Andri	Liðið	Afmæli	Liðið	Liðið	Liðið	Veit ekki	Liðið
Daníel	Afmæli	Liðið	Afmæli	Afmæli	Liðið	Nánir vinir	Liðið
Egill	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Nánir vinir	Afmæli
Jónas	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Nánir vinir	Liðið
Birgir	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Afmæli	Nánir vinir	Afmæli
Niðursta hóps	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Fara með liðinu?	Nánir vinir	Fara með liðinu?
	Hugsanleg	Niðursta	hópsins				
Niðursta hópsins	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Afmæli Bobba?	Fara með liðinu	Nánir vinir	Fara með liðinu?

Eftir að hafa útbúið svona töflu eins og dæmið sýnir, skrifar hópstjórinn neðst líklegustu ákvarðanir hópsins – þær sem flestir í hópnum hallast að. Þessar ákvarðanir eru með spurningamerki, eru líklegar til þess að verða ákvarðanir hópsins – það er, staða studd af öllum hópnum. Þegar taflan er tilbúin, skoðar hópstjórinn hana til þess að sjá út hlutfallslega jákvæðann hóp; eins og við sjáum, spila þeir mikilvægt hlutverk í að skapa þroskað siðferði. Í dæminu sýna Robert, Egill, Jónas og Birgir yfirgnæfandi jákvæðar ákvarðanir.

Ef svaranir við klípusögnum fást ekki fyrirfram, eru meðlimir hópsins beðnir um að svara í byrjun fundar (jafnvel þó að þjálfarinn hafi þá ekki getað notfært sér fyrirfram undirbúning).

Í upphafi fundar, skýrir stjórnandi hópsins einfaldar reglur fyrir hann:

11. Aldrei hallmæla öðrum eða hóta einhverjum.
12. Hlustaðu á það sem aðrir hafa að segja.
13. Ef þú gagnrýnir annan hópmeðlim, gefðu honum þá færi á að svara fyrir sig.
14. Haltu þig við efnið þegar þú ert ósammála.
15. Talaðu aldrei við aðra utan hópsins um það sem fer fram og er sagt í hópnum.

Fjögur stig í þróun félagslegs siðferðis

Stjórnandi hópsins kynnir næst fjögur stig þróunar á félagslegu siðferði. (a) kynning á klípu aðstæðunum, (b) sköpun þroskaðs siðferðis, (c) leið til að bæta seinkun á þroska siðferðilegra gilda, og (d) styrking þroskaðs siðferðis. Í lok hvers tíma, stjórna hópstjórinn sjálfs-mati með gátlista í samræmi við þessi fjögur stig (sjá töflu 5.2).

Stig 1: Kynning á klípu aðstæðum

Til að það náist árangur í tíma um félagslega ákvarðanatöku, verða allir meðlimir hópsins að skilja nákvæmlega hverjar klípu aðstæðurnar eru og hvernig þær tengjast lífi þeirra. Ef meðlimur hefur lesið klípu aðstæðurnar og svarað tengdum spurningum áður en tíminn byrjar, getur þjálfarinn komið með afrit af svörum þeirra á fundinn og beðið hóp meðlim að útdeila þeim til baka. (Ef meðlimir hópsins svara spurningunum í upphafi tíma þá hafa þeir sín eigin svör áfram). Stjórnandinn biður svo annann meðlim hópsins að lesa upp klípusöguna til að rifja upp, ber svo fram spurningar til að koma af stað umræðum. Þessi þáttur endist einungis í 10-15 mínútur á 1-1,5 tíma fundi.

Tafla 5.2
Fundir um félagslega ákvarðanatöku:
Stjórnandi skoðar/sjálfsmat gátlista

Hópur _____

Dagsetning: _____

Vandamálið: _____

Á mismunandi stigum, spurði ég einnig spurninga:

Stig 1: Kynning á aðstæðum klípunnar

- 1. Minntu hópurinn á lykil reglur við umræður?
- 2. Vertu viss um að hópurinn skilji aðstæður klípunnar (t.d. “hver getur sagt hópnum hvert er vandamál Jerrýs? Hvers vegna er það vandamál?”)?
- 3. Tengdu aðstæður klípunnar við daglegt líf hópmeðlima (t.d. “Eiga svona vandamál sér stað? Hver hefur lenst í svona aðstæðum? Segðu hópnum frá því.”)?

Stig 2: Sköpun þroskaðs siðferðis

- 4. Koma á fót þroskuðu siðferði sem tóni fundarins (t.d. laða fram, uppbyggjandi, og lista upp á flettistöflu eða kennaratöflu þroskaðar ástæður fyrir hverri jákvæðri ákvörðun meirihlutans)?

Stig 3: Leið til að bæta seinkun á þroska siðferðilegra gilda

- 5. Notið þroskaðri meðlimi hópsins og listann með ástæðum (Stig 2) til að ögra raunsæis röksemdum sumra meðlima hópsins.
- 6. Skafið tækifæri fyrir hlutverkaleik með öðrum leiðum einnig - (t.d. “Hvernig væri heimurinn ef allir gerðu þetta?” Hvernig liði þér ef þú værir Bob?)

Stig 4: Styrking þroskaðs siðferðis

- 7. Takið jákvæðar ákvarðanir samhljóma fyrir hópurinn (t.d. “Eru einhverjir sem mótmæla því hart að tek þessa ákvörðun og set hana fram sem aðal ákvörðun hópsins?”)
- 8. Hrósið hópnum fyrir jákvæða og þroskaða ákvörðun (t.d. “Ég er mjög ánægður með það að hópurinn geti tekið svo margar og góðar ákvarðanir sem þau geta staðið við með sterkum rökum.” “Vill hópurinn festa þetta plaggat upp á vegg?”)?

frh. Tafla 5.2

Almennt:

- 9. (Á undan tíma) Fór ég yfir minnisatrið stjórnanda?
- 10. Fóru meðlimir hópsins eftir grunnreglunum (varðandi að hlusta, trúnaður o.s.frv.)?
- 11. Voru allir meðlimir hópsins áhugasamir og tóku þátt? (Ef ekki skrifið niður nöfn þeirra sem voru ekki tóku þátt)
- 12. Voru uppbyggjandi ummæli hjá þeim hópameðlimum sem voru áhugasamir?
- 13. Var það sem *á að vera* stutt og túlkað sem sterkt - (t.d., “Já, það þarf kjark til að gera það rétta”)?

Eftir fundinn:

- 14. Tók ég niður minnisatriði varðandi fundinn og einstaka þátttakendur í hópnum?

Hugsanlegar spurningar

- Hver getur sagt hópnum hvert vandamál Jerrýs er?
- Af hverju er það vandamál?
- Eiga svona vandamál sér stað?
- Hver hefur lent í svona aðstæðum? Segið hópnum frá því?

Stig 2: Sköpun þroskaðs siðferðis

Þegar hópurinn hefur skilið aðstæður vandamálsins, hefst siðferðipjálfunin. Ef öll andfélagsleg ungmenni væru algjörlega laus við siðferðilegar skoðanir, væri þessi vinna mjög erfið satt best að segja. Eins og fram kemur hér að framan, þrátt fyrir það, sýna mörg andfélagslega sinnuð ungmenni hæfileika til að taka jákvæðar ákvarðanir eða gera mat á grunni þroskaðs siðferðismats. Sem svörun við klípu Jerrýs, leitast margir meðlimir hópsins við að láta í ljós jákvæðar ákvarðanir - sem dæmi “að fara í afmæli Bobba” í spurningu 1 til 4 og “náinn vinur” í spurningu 6. Og það sem meira er, að ástæðan fyrir þessum ákvörðunum virðist vera þroskuð.

Stjórnandinn á þessu stigi hagnýtir þennan möguleika fyrir þroskað siðferði – það er, leggur rækt við andann í hópnum og þroskað siðferðismat sem einkennist af bæði jákvæðum ákvörðunum og þroskuðu siðferðismati. Að ná fram anda þessa þroskuða siðferðis gerist vanalega hjá hópnum sjálfum (allavega fyrir meirihlutann). Starf hópstjórnans er að hagnýta styrkinn sem er til staðar í bekknum með það í huga að gefa upp áberandi þroskað siðferði og þannig að setja frumkvæði fyrir restina af fundinum. Hópstjórinn ýtir undir þroskað siðferði með því að spyrja meðlimi hópsins sem benda á jákvæðar ákvarðanir um ástæðurnar fyrir þessum ákvörðunum og þá skrifar hann þær ástæður á flettistöflu eða töflu til íhugunar fyrir hópinn. (Hópstjórinn skrifar niður sér

ástæður gefnar upp um neikvæðar ákvarðanir – eftir að ástæður fyrir jákvæðum ákvörðunum hafa verið skráðar.)

Í tilfalli klípunnar um Jerry, fær þjálfarinn fram ástæður meirihlutans “að fara í afmæli Bobba” í spurningum 1 til og með spurningu 4 og að “einn náinn vinur” í spurningu 6. Þrátt fyrir að sumar af þessum ástæðum séu raunsæjar, eru margar þeirra dæmigerðar og þroskaðar, sýna stig 3 eða jafnvel breytingar á rökleiðslu á milli stigs 3 og 4. Auðvitað er það oft nauðsynlegt að leggja til við meðlimi hópsins að segja hlutina á annann hátt. Til dæmis, andsvar við “Jerry gæti ennþá viljað hafa Bob á svæðinu” kannski “svo þú ert að segja að Jerry gæti enn viljað að Bob væri vinur hans?”

Hugsanlegar spurningar

- Þeir sem völdu “afmæli Bobba” í spurningum 1 til og með 4, eins og Egill og Birgir, eru meirihlutinn. Birgir, af hverju ákvaðst þú að Jerry ætti að fara í afmæli Bobba? Hverjar eru ástæðurnar fyrir ákvörðun þinni?
- Þeir sem völdu “einn náinn vinur” í spurningu 6, eins og Daníel og Tómas, eru meirihlutinn. Daníel, af hverju ákvaðstu að það sé mikilvægt að eiga einn náinn vin? Tómas?

Stig 3: Leið til að bæta seinkun á þroska siðferðilegra gilda

Ef þroskað siðferðislegt andrúmsloft er þróað í bekknum, hefur hópstjórinn gert mikilvægan undirbúning fyrir næsta stig, sem flytur áherslurnar yfir á ungmennin með seinkaðann rökstuðning. Þessir meðlimir hópsins geta alvarlega grafið undan menningu hópsins og munu gera það ef þeir komast upp með það. Hið þroskaða siðferðis andrúmsloft sem komið var á í upphafi er nauðsynleg vörn gegn áhlaupi þessara meðlima hópsins þegar þeir eru látnir taka þátt í umræðum og áskorunum.

Í kenningarlegu samhengi, þýðir lækning á siðferðilegum vanþroska að skapa félagslega aðstæður þar sem einstaklingar fá tækifæri til að sjá hlutina frá sjónarmiði annarra, sérstaklega skoðanir annarra þroskaðri einstaklinga. Slík tækifæri geta dregið úr sjálf-miðaðri vitrænni brenglun og getið af sér ójafnvægi og örvar þroskaðri siðferðilegar skoðanir. Meðlimir hópsins sem eru með seinan siðferðilþroska fá möguleika til þess að vaxa þegar þeir mæta þroskaðri rökhyggju fyrir jákvæðri ákvörðun, en þetta nægir ekki. Hópstjórinn verður að (a) bjóða neikvæða hópnum að skýra út sína hlið, (b) opinberlega skrá á flettistöflu eða töflu skýringar eða ástæður fyrir ákvörðun þeirra, og (c) bjóða meðlimum meirihlutans að svara.

Mögulegar spurningar

- Davíð, þú ert einn af meðlimum hópsins sem ákvaðst “að fara með liðinu” í staðinn fyrir “afmæli Bobba”. Hver er ástæða þín fyrir þeirri ákvörðun? (Eftir að hafa hlýtt á ástæðuna, bentu þá á flettistöflu eða töflu.) Er þetta enn ákvörðun þín? Hversvegna? Hvernig ætlarðu að svara röksemdum meirihluta hópsins?
- (til hópsins) Geta ástæður Davíðs talið hópnum hughvarf um að breyta og “fara með liðinu”? Hversvegna og hversvegna ekki?

Sérstök tegund af rannsóknar spurningum eru sérstaklega hjálplegar í að skapa yfirsýn yfir tækifæri. Sjálf-miðaður rökstuðningur er áskorun um rökstuðning (“Hvernig væri heimurinn ef allir gerðu þetta”) eða til umhugsunar um annað lið í klípunni. Meðlimir hópsins með vandamál eða mótsagnakennd svör eru beðnir um að skýra: “Daníel, ákvörðun þín er veislan hans Bobba” í spurningu 1, en “að fara með liðinu” í spurningu 2. Af hverju?” Hljóðlátir meðlimir hópsins eru dregnir fram, og meðlimir með “get ekki ákveðið mig” svör eru kannaðir frá báðum hliðum hugsana þeirra: “Tómas, þú ert hljóður í dag. Ertu ekki enn búinn að ákveða þig? Af hverju heldurðu að hluta til að Jerry eigi að fara í veisluna hans Bobba? (Listaðu upp ástæður á flettistöfluna eða töfluna.) Af hverju heldurðu hins vegar að hann eigi að fara með liðinu?” (listaðu upp ástæðurnar.)

Uppáhalds aðferð meðlima hópsins sem staddir eru á raunsæis-stigum er að færa rök fyrir þeirra ákvörðun (“Jerry á að fara með hópnum af því að það er miklu skemmtilegra”) að hún sé raunverulegir vegna þess, að eftir allt, er þetta það sem Jerry mundi að öllum líkindum gera. Ástæðan fyrir að nota þetta úrræði er tvíþætt. Í fyrsta lagi, að hreinsa og greina á milli *myndi* og *ætti*: “Ertu að segja að Jerry myndi vera líklegur til að gera, eða að þetta er það sem hann ætti að gera? Ef það er satt að hann væri líklegur til að fara með orðinu *ætti*: “Þetta er satt, Jerry þyrfti virkilega að sýna hvað í honum býr til að gefa ekki eftir um það sem honum langar til að gera og í staðinn að gera það sem margir væru ekki nógu sterkir til að gera – það rétta.”

Stig 4: Styrking þroskaðs siðferðis

Þegar rækt hefur verið lögð við þroskað siðferði, verður að halda áfram að styrkja það. Hið þroskaða siðferði hópsins er styrkt – og menning hópsins verður jákvæðari og samræmdari – og stjórnandi hópsins leitar eftir samhljóða álitum fyrir jákvæðar ákvarðanir og þroskaðri skynsemi. Í þessu ferli, finna meðlimir hópsins sem voru í upphafi með óþroskað siðferðismat ennþá fyrir þrýstingi til að lúta stöðugri endurreisn þroskaðs siðferðis sjálfra sín. Í umræðu um klípu vandamálið, er markmiðið að snúa eins mörgum yfir á jákvæðu afstöðuna eins og hægt er yfir í einróma ákvörðun hópsins. Eftir því sem umræðan á stigi 3 heldur áfram í átt til afstöðu meirihlutans, spyr hópstjórinn hvort það séu einhverjir sem séu sterklega andvígir að lýsa yfir/tilkynna ákvörðun meirihlutans sem sameiginleg opinber ákvörðun hópsins á uppgefinni spurningu. Á svipaðann hátt, spyr stjórnandi hópsins hvort það séu einhver sterk andmæli við opinberri ákvörðun hópsins. Ef enginn kemur fram, þá strokar stjórnandinn út spurningamerkið og setur hring utan um ákvörðunina neðst í töflunni (sjá tafla 5.1). Ef upp koma andmæli, þá telst ákvörðunin nokkurn veginn meirihlutans. (Þessi útkoma er nánast eins mikilvæg því vonbrigðin við þrátefli örvar einnig þroska meðlima hópsins.) Hvort heldur sem er, þá er hópurinn lofaður eða hvattur við niðurstöðuna á fundinum um félagslegar ákvarðanir.

Hugsanlegar spurningar

- Er hópurinn sammála um að Jerry eigi að fara í veisluna hans Bobba? Einhverjar mótbárur?

- Það hljómar eins og að ein af jákvæðu ástæðunum fyrir því afhverju Jerry á að fara í veisluna hans Bobba er til að endurnýja venskapinn. eru einhverjar mótbáruir við því að ég geri hring um þá ástæðu sem ákvörðun hópsins númer eitt? (*annar valkostur er ekki óviss svo lengi sem raunsæ ástæða er ekki valin.*)
- (*Ef það eru andmæli og umræðan lendir í þrátefli*) Jája, ég held að við komumst ekki að niðurstöðu fyrir hópinn/ástæðu númer eitt fyrir þessa spurningu.
- (*Uppörvun í lok vel heppnaðs funds*) Ég er mjög ánægður með að hópurinn er fær um að taka svo margar góðar, sterkar ákvarðanir og að rökstyðja þær með góðum, sterkum rökum. Þessi hópur hefur sýnt enn og aftur hvað í honum býr.
- (*Ef ekki svo mikil velgengni*) Er hópurinn ánægður með það sem við náðum fram í dag? Ég veit að hópurinn getur gert betur næst því hann gat það áður. (*Rifjaðu upp jákvæð dæmi, ef þau eru til staðar.*) Hvaða plön gerir hópurinn núna áður en hann fer svo hægt verði að ná fram fleiri góðum ákvörðunum á næsta fundi um félagslegar ákvarðanir.?
- (*Að byggja um jákvæða ímynd hópsins*) Vill hópurinn setja upp blaðið þar sem ákvörðun/rök þeirra koma fram upp á vegg? Hér er kennaratiggjó.

Skilningur Ungmenna á Siðferðipjálfun

Þegar ungmenni sem taka þátt í þjálfun eru spurð um upplifun þeirra, er siðferðipátturinn oft mjög vinsæll. Meðlimir hópsins biðja um slíka tíma eða spyrja hvenær næsti tími verður. Hvers vegna er þessi þáttur Prepare svona vinsæll? Ein ástæðan gæti verið að innihald klípunnar er gert áhugavert fyrir ungmenni. Önnur ástæða gæti falist í þeirri staðreynd að flestir Siðferðipjálfunar hópar sem voru í upphafi með óþroskað siðferðismat verða almennt jákvæðari, áreiðanlegri, og þroskaðari, sérstaklega þegar ýtt er undir það af stjórnanda hópsins. Í gegnum áreiðanlega ákvarðanatöku, þróar hópurinn ekki einungis með sér aukið mat á siðferði heldur upplifir hann einnig sameiginleg siðferðigildi sem ákvörðunin er byggð á. Á þeim tíma sem þessi þáttur á sér stað, þá, uppgötva margir meðlimir hópsins að þroskað siðferði er staða meirihlutans og að jákvæðir möguleikar eru til staðar í þeim sjálfum og öðrum. Kannski þroska þau lögmæta sjálfs-virðingu þegar þau láta af hendi til hópsins og þegar þau sækjast eftir hollustu í þroskaðra íhugunarefni siðferðis. Við vonumst til að aðferðirnar sem lýst er hér – og viðbótar æfingarnar í lok kaflans – hjálpi þjálfurum að glæða þessar hugmyndir.

Klípusögur Til siðferðipjálfunar

Klípa Jóns (Jerrýs)

Klípa Jonna

Klípa Marcos

Klípa Georgs

Klípa Lárusar

Klípa Samúels

Klípa Rögggu

Klípa Alla (breytt fyrir yngri aldurshóp)

Klípa Júlla

Klípa Togga

(Þessar klípur og fleiri til er að finna á heimasíður Art á Suðurlandi undir Siðferði.)

Æfingar 5.1

Heilmikið af klípum: Ákvarðanir og Gildi

Tilgangur

Að þekkja siðferðismat sem er undirliggjandi fyrir ákvörðun barna og fullorðinna í venjulegum aðstæðum; gott er að þekkja hvernig gildi stjórna gjörðum.

Efni

Afrit af klípunni til dreyfingar (val, fer eftir því hvaða aðferð er beitt við framkvæmdina)

Aðferð

Sögurnar / klípunar má nota á marga vegu. Hér eru þrjár tillögur:

- Stundum lestu klípuna upphátt fyrir nemendurnar. Spurðu umræðu spurninganna. Hjálpaðu nemendunum að þekkja gildin sem eru innbyggð inn í aðstæðurnar, leggðu mat á ástæðurnar og aðgerðir einstaklinganna, og íhugaðu aðra kosti aðgerða.
- Skiptu bekknum í minni hópa, og láttu hvern hóp fá afrit af einni klípu (ásamt umræðu spurningunum). Látið hópana lesa og ræða klípuna sína, svara spurningunum. Biðjið hvern hóp að draga saman klípuna og niðurstöður fyrir restina af bekknum.
- Skiptu bekknum í minni hópa, og láttu hvern hóp fá afrit af einni klípu. Látið hvern hóp þróa, æfa, og skila af sér leikþætti um klípuna sem þeir sína restinni af bekknum. Eftir hvern leikþátt, spyrjið umræðu spurninganna, og lofið öllum bekknum að taka þátt. Fáíð hugmyndir um aðrar aðstæður í hverri stöðu og biðjið viðkomandi leik hóp að leika eina eða tvær af þeim.

Larry á að hitta Pál og Róbert í garðinu og ætla þeir í Frisbí leik. Þegar hann er að fara af stað, þá hringir síminn og það er Mummi. Mummi er að læra fyrir stærðfræðiþróf sem er á morgun og er mjög ruglaður og áhyggjufullur. Hann biður Larry að koma og hjálpa sér. Larry og Mummi eru góðir vinir, svo Larry vill ekki koma Mumma í

uppnám, en hann vill heldur ekki missa af leiknum. Hann ákveður að segja Mumma að hann þurfi að fara eitthvað með foreldrum sínum.

Morguninn eftir í skólaum, segir Páll við Mumma að hann hafi misst af góðum Frisbí leik kvöldið áður, og nefnir að Larry hafi verið þar. Mummi verður sár og reiður. Í stærðfræðiprófinu reykir hann að herma eftir svörum Larrys.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
 2. Hvernig myndi þér líða ef þú værir Larry?
 3. Hvað gæti Larry gert til að takast á við stöðuna?
 4. Hvernig myndi þér líða ef þú værir Mummi?
 5. Hvað getur Mummi gert?
-

Dennis fjölskyldan býr upp á hæð í endanum á langri, brattri götu. Lóðirnar eru stórar og þaktar trjám. Eitt kvöldið, þegar hr. Dennis keyrir inn heimkeyrsluna og leggur bílnum sínum, gleymir hann að setja í handbremsu. Nánast samstundis, byrjar bíllinn að þokast afturábak niður hallann. Um nóttina rennur hann yfir brúnina á innkeyrslunni, nær upp hraða, og rennur niður hæðina og keyrir á tré á jaðri lóðarinnar hans Henrys. Bíllinn er mikið tjónaður og Hr og frú Henry eru reið út af tréinu, sem þú eru upptekin af að muni deyjua. Hr. Dennis útskýrir fyrir þeim það sem gerðist og biðst afsökunar. Hann þrýfur upp óreiðuna og leggur til að allir bíði og sjái hvort tréið nái sér ekki. En Henry heimtar að fá borgað strax fyrir skemmdirnar. Ófús þá hringir Dennis í tryggingarfélagið sitt, sem greiðir hr. Og frú Henry 700.000 kr. – kostnaðurinn við að endurnýja tréið með öðru í sama vexti. Vikurnar líða, og tréið sem bíllinn lenti á jafnar sig – lítur jafnvel betur út en áður. Henry og fjölskylda halda þó 700.000 kr., en þegar Dennis og fjölskylda fer að endurnýja tryggingarnar sínar, uppgötva þau að slysið hefur valdið því að verskráin hefur hækkað. Þessar tvær fjölskyldur hætta að tala saman.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
 2. Hver ber ábyrgð á hverju?
 3. Hvað er rétt við það hvernig tekið var á þessum aðstæðum? Hvað er rangt?
 4. Ef þú værir Herra og frú Dennis, hvernig myndi þér líða? Hvað myndir þú gera?
 5. Ef þú værir herra og frú Henry, hvernig myndi þér líða? Hvað myndir þú gera?
 6. Vað það rétt sem tryggingarfélagið gerði?
-

Júlía er ákveðin í að útbúa vandað vísinda verkefni sem hún er viss um að muni vinna stóru vísindakeppni verðlaunin. Hún byrjar að vinna, en lendir fljótlega í vandamálum, svo hún biður Lísu að vera með sér í verkefninu. Báðar eru færir nemendur í vísindum, en Lísa er sérstaklega góð við að leysa vandamál og byggja hluti. Daginn sem vísindakeppnin fer fram, er Lísa veik, svo Júlía setur allt upp og sýnir verkefnið sjálf. Eins og við mátti búast, þá vann verkefnið fyrstu verðlaun. Þegar Júlía er tekin í viðtal af blaðamönnum, þá lætur hún Lísu ekki fá neinn heiður af verkinu. Raunar, nefnir hún aldrei að hún hafi verið með félagi í verkefninu. Hún svarar öllum spurningum með “ég gerði þetta” eða “ég gerði það”. Þegar Lísa sér myndina af Júíu í blaðinu og les greinina, þá líður henni illa. En hún segir ekki neitt við Júíu.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
2. Ef þú værir Lísa, hvernig mundi þér þá líða?
3. Hvernig heldurðu að Júlíu líði? Hvernig ætti henni að líða? Hvað ætti hún að gera?
4. Hvað myndirðu vilja sjá gerast í þessari stöðu?

Á laugardegi, þá fer Jósefína í Hagkaup til að kaupa jólagjafir handa fjölskyldu og vinum fyrir 20.000 kr. Einungis þennan dag, biður verslunin upp á 1.000 kr. Gjafakort fyrir hver 10.000 kr. Sem viðskiptavinurinn verslar fyrir. Áður en Jósefína fer úr búðinni sýnir hún kvittunina á þjónustu borði og fær tvö gjafabréf sem hún notar til að versla varning að andvirði 2.000 kr. fyrir. Seinna heima ákveður Jósefína að sumt af því sem hún keypti væri ekki nógu gott. Verslunin samþykkir að hún skili og fái endurgreidda peninga, en Jósefína heldur – og ætlar að nota – bæði gjafakortin.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
2. Ef þú værir Jósefína, hvað myndirðu gera við gjafakortið? Afhverju?

María og Kolbrún eru að ganga heim saman mjög heitann eftirmiðdag. Þegar þær koma heim til Maríu, segir Kolbrún bæ, bæ og heldur áfram niður götuna. Allt í einu heyrir hún að María er að kalla eftir henni, “Heyrðu hvað með að koma og synda í lauginni minni?” Kolbrún hikar, sund væri mjög ágætt, en Kolbrún veit að báðir foreldrar Maríu eru í vinnunni. Jafnvel María má ekki synda ein án eftirlits, hvað þá með vinum sínum. Þær gætu báðar lent í miklum vandræðum.

Þegar Kolbrún segir Maríu frá þessum ótta sínum, segir María, “Ekki hafa áhyggjur, það kemst enginn að þessu. Á svona degi þá þornar allt svo hratt, líka við. Komdu nú!”

Kolbrún lætur eftir, og stúlkurnar skella sér í laugina. Þegar Kolbrún kemur heim, spyr móðir hennar hvers vegna hún sé sein. Kolbrún segist hafa verið lengur í skólanum til þess að hjálpa kennaranum.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
 2. Af hverju hafa foreldrar Maríu reglur um það að það megi ekki synda án eftirlits?
 3. Hver er ábyrgð Maríu í þessum aðstæðum? Hver er ábyrgð Kolbrúnar?
-

Erlendur fer með bílinn sinn á verkstæði í útblásturmælingu og vottun. Bíllinn stenst ekki mælinguna og bifvélavirkinn segir Erlendi að viðgerðir á bílnum muni kosta um 60.000 kr. Erlendur hefur heyrt af manni sem getur gefið út falsa útblástur mælingar vottorð fyrir 20.000 kr. Margir vinnufélagar Erlandar hafa farið til þessa manns, frekar en að láta laga bílana sína. Erlendur veltir fyrir sér hvort hann eigi að fara þangað líka.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
 2. Ef margir fara og fá falsa útblástur mælingar vottorð, hverjar eru þá afleiðingarnar?
 3. Hver er að brjóta lögin í þessu tilfelli?
 4. Hvað finnst þér að Erlendur ætti að gera?
 5. Er það siðferðileg skilda einhvers að tilkynna manninn sem er að falsa vottorð? Hver og hversvegna?
-

Þegar Gunnar og Guðrún fara í frí í þrjár vikur, biðja þau hana Kim að gefa kettinum henni Sydney að borða tvisvar sinnum á dag. Þau báðu hana einnig um að vökva hjá sér garðinn og inniblómin. Þau buðust til að borga Kim 10.000 kr. Á viku og hún samþykkti það. Á hverjum degi áður en skólinn byrjar fer Kim í hús Gunnars og Guðrúnar. Sydney bíður alltaf eftir morgunmatnum við bakdyrnar. Á kvöldin, kemur hún til baka, gefur kettinum kvöldmat, og athugar hvort það þurfi að vökva eitthvað. Fyrstu tvær vikurnar heldur Kim sig við þessa rútinu. Samt sem áður, í þriðju vikunni, er Kim komin í frí frá skólanum og sefur því lengur á morgnanna. Á mánudeginum og þriðjudeginum er hún ekki komin á fætur til að gefa Sydney morgunmat fyrr en um kl. 10.00 og gleymir að líta á blómin. Á miðvikudeginum, þá stoppar hún bara rétt aðeins um hádegi áður en hún flýtir sér heim til vinkonu sinnar. Á fimmtudeginum fer Kim í

bíó um kvöldið og gleymir að gefa kettinum kvöldmat. Þegar hún kemur á föstudagsmorgninum, er Sydney ekki við bakdyrnar og kemur ekki þegar hún kallar á hann. Um kvöldið, er Sydney í garðinum en virðist ekki vera svangur.

Þegar Gunnar og Guðrún koma heim á sunnudeginum, borga þau Kim og spyrja hana hvernig hafi gengið. Hún segir þeim að það hafi gengið “Vel”. Á mánudagskvöldinu hafa Gunnar og Guðrún samband við Kim og biðja hana að koma yfir til að svara nokkrum spurningum. Þau spyrja hana af hverju Sydney hafi farið nokkrum sinnum til annarra nágranna svangur, og af hverju tvær af upphalds blómunum þeirra séu þurr og skrælnuð. Kim lætur eins og hún sé undrandi og segist ekki hafa hugmynd um það. Hún heldur því fram að hún hafi gert allt sem þau báðu hana um að gera.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
2. Hvað segja viðbrögð Kim um hana?
3. Hvernig hafði hegðun Kim áhrif á köttinn? Blómin? Guðmund og Guðrúnu? ...Kim?
4. Hvað hefði Kim átt að gera?

Atvinnurekandi stjórnar illa fyrirtækinu sínu og hefur ítrekað verið seinn að greiða starfsmönnum sínum laun. Róbert sem er launþegi í fyrirtækinu, ákveður að hann er búinn að fá nóg og ætlar að hætta. Hann reynir að ná til baka eins miklum og hægt er áður en hann tilkynnir uppsögn sína, en vinnuveitandinn skuldar honum ennþá um 200.000 kr. Róbert finnur út leið: Áður en hann skilar inn lyklinum sínum, ætlar hann að fara á skrifstofuna um nótt og fjarlægja tölvuna sína af skrifborðinu. Talvan, andvirði um 200.000 kr., er ekki Róberts, en hann er sá eini sem notar hana.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
2. Hverjar eru skildur vinnuveitandans?
3. Hverjar eru skildur Róberts?
4. Hvernig myndi þér líða ef þú værir Róbert og vissir ekki hvort og hvenær þú fengir útborgað? Hvað myndir þú gera?
5. Hvað myndir þér líða ef þú værir vinnuveitandi og ef einn af starfsmönnum hætti og tæki með sér útbúnað sem tilheyrir þér? Hvað myndir þú gera?

Lúlli heldur niður götun til að athuga hvort Jói vilji kom á hjólabretti. Hann finnur vin sinn í bílskúr þar sem hann er að sortera hrúgur af dagblöðum, dósnum og flöskum. “Þetta er ekki skemmtilegt. Geturðu ekki gert þetta seinna?” hvetur Lúlli. “Nei”, svarar Jói. “Ég verð að klára þetta og gera það klárt fyrir mömmu og mig til að fara með í endurvinnsluna.”

“Af hverju hendirðu þessu ekki bara?” spyr Lúlli. “Ruslabíllinn er að koma á morgun.”
“Af því að ef við hendum þessu í ruslið, fer það í landfyllingu,” svarar Jói, “og ef við förum með þetta í endurvinnsluna, gerist það ekki. Þetta verður notað aftur. Safnið þið ekki saman hlutum í endurvinnslu heima hjá ykkur?”

“Nei”, hreitir Lúlli. Hann tekur utan af súkkulaðistykki og byrjar að borða það. “Hversvegna?” spyr Jói.

“Ég veit það ekki. Of mikið vesen held ég.”

Lúlli skellir sér aftur á hjólabrettið og heldur af stað niður götuna. “Sjáumst síðar,” kallar hann, og sveigir sér fimlega út á gangstéttina.

Jói lítur upp frá vinnunni sinni akkúrat máttulega til að sjá Lúlla kasta bréfinu utan af súkkulaðistykkinu í götuna. Hann opnar munninn til að kalla, en Lúlli var þegar hálfnaður niður götuna. Jói andvarpar og hristir höfuðið. Þá gengur hann út á gangstéttina og tínir upp nammibréfið.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi er hægt að sjá í þessari sögu?
2. Hvað segja gerðir drengjanna tveggja um þá?
3. Hvernig getur fólk borið virðingu fyrir umhverfi sínu?

Nonni hefur ekki næga peninga til að borga leigusalanum. Eftir að hafa verið nokkrar vikur atvinnulaus, er hann loks að byrja í nýrri vinnu og hefur ekki enn fengið útborgað. Leigusalinn hringir og spyr hvenær hann geti búist við að fá greidda húsaleiguna. Nonni vonast til að geta flutt í ódýrara húsnæði í næsta mánuði, en er hræddur við að segja leigusalanum það. Hann hugsar um að ljúga, til að halda leigusalanum frá sér. Hann heldur að það taki leigusalann nokkrar vikur að láta bera hann út, og á þeim tíma geti hann sparað peninga til að safna fyrir nýrri íbúð. En leigusalinn hefur alltaf verið samvinnuþýður og þæginnlegur, svo Nonni er með samviskubit að notfæra sér hann. Nonni veltir því fyrir sér hvað muni gerast ef hann segir sannleikann. Ef húseigandinn hendir honum út úr íbúðinni, þá hefur Nonni engann stað til að fara á.

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi eru til staðar í þessari sögu?
2. Hvernig heldurðu að leigusalanum líði?
3. Ef þú værir Nonni, hvernig myndi þér líða? Hvað myndirðu gera?

Á laugardegi, skreppa Bubbi og Solla í bókasafnið til að skila bókum og sjá að Maja er að vinna ein við sitt borð aftarlega. Þau fara yfir til hennar og heilsa.

“Hvað ert þú að vinna við Maja?” spyr Solla.

“Ég ákvað að taka þátt í ritgerðarsamkeppni um Fána Daginn,” svarar Maja. “Vinnings ritgerðin verður birt í dagblaðinu. Það væri mikill heiður. Ætlið þið að taka þátt?”

“Nei”, segir Solla.

“Ég hef nú ekki hugsað út í það,” segir Bubbi. “Hvað ert þú að skrifa um?”

“Hvað þýðir fáninn,” svarar Maja. “Það er svólítið erfitt, af því að ég hef ekki búið í þessu landi mjög lengi. Kannski getið þið hjálpað mér. Hvaða þýðingu hefur hann fyrir ykkur?”

“Ég veit það ekki,” svarar Solla. “En við lofum fánann.”

“Ég hef ekki hugsað mikið út í þetta,” svarar Bubbi. “En á síðasta ári í skólanum, hjálpaði ég við að segja fánann upp og taka hann niður.”

“Hvað með lýðræði og réttlæti?” spyr Maja. “Þessi orð eru í lofinu. Hafa þau enga merkingu fyrir ykkur?”

“Jú, auðvitað gera þau það,” segir Solla og yppir öxlum.

“Ég hef ekki hugsað mikið út í það,” segir Bubbi. “En þetta er örugglega leiginleg leið til að eidda laugardegi. Af hverju kemurðu ekki frekar í bíó með okkur?”

Maja hugsar þetta smá stund, brosir og segir, “Þakka ykkur fyrir. En ég verð að skrifa. Í landinu sem ég bjó í áður, höfðum við ekki alltaf frelsi til að ráða hvað við gerðum á laugardögum. Og ef það var ritgerðarsamkeppni þá áttu allir nemendur að taka þátt í henni. Þau höfðu ekki leyfi til að sleppa því. Ef þau slepptu því þá var hægt að refsa allri fjölskyldunni fyrir það. Í Bandaríkjunum, get ég valið að skrifa – eða skrifa ekki. Mér líkar það. Það er lýðræði og réttlæti.”

Þegar Solla og Bubbi eru við það að fara, kallar Maja rólega á eftir þeim, “Þakka ykkur fyrir að hjálpa mér við ritgerðina. Þetta voru frábærir punktar sem ég fékk hjá ykkur.”

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi eru til staðar í þessari sögu?
2. Ef þú værir Solla og Bubbi, hvað fyndist þér þá um Mæju?
3. Hvað finnst Mæju um að búa í Bandaríkjunum?
4. Hvað geta Solla og Bubbi lært af dæmi Mæju?

Kalla líkar að hjóla í skólann morguninn eftir rokið. Stundum flýgur hann niður blautar göturnar svo það skvettist í allar áttir. Stundum þræðir hann á milli pollanna, hjólandi hingað og þangað eins og fótgönguliði sem forðast jarðsprengjur. Þennann morguninn, nær hann næstum því í skólann án þess að verða fórnarlamb. Þegar hann missir gripið og dettur einni götu frá, verður allt blautt, líka ævintýra teiknimyndablaðið sem Sigurður lánaði honum daginn áður. Það er gegnblautt og drullugt.

Kalla líður hræðilega. Hann útskýrir hvað gerðist og réttir Sigurði blaðið. “Ég er svo miður mín,” afsakar hann. “Ég hefði átt að vera varkárari.”

Sigurður virðist æstur um stund og Kalli hefur áhyggjur af að hafa gert vin sinn mjög reiðann. En Sigurður lítur á hann og segir, “Þetta er OK. Það sama gæti hafa gerst fyrir mig.”

Kalla léttir mjög. Hann hugsar með sér að hann ætli aldrei að vera svona kærulaus með eigur annarra aftur.

Um kvöldið, þegar Kalli opnar herbergisdýrnar sínar, kemur á móti honum ískur frá 4 ára gömlum bróður hans. Kiddi er að fela eitthvað fyrir aftan bak.

“Hvað ertu að gera hér inni?” spyr Kalli með ásökunartón. “Og hvað ertu með fyrir aftan bak?”

“Ekkert,” segir Kiddi veiklulega, með tárin í augunum.

Kalli stekkur fram, grípur í handlegginn á Kidda og snýr upp á hann. Kiddi heldur á nýjasta geimflugarmódeli Kalla, og það er brotið.

“Fyrirgefðu” grenjar Kiddi. “Ég var bara að skoða það og þá datt það. Ekki vera reiður Kalli.”

Kalli starir á splundraðann skrokkinn og finnur skap sitt blossa upp. Þá man hann eftir teiknimyndablaðinu og viðbrögð Sigurðar. Hann lætur bækurnar sínar á rúmmið, andar djúpt að sér, og rótar mjúklega í hárinu á Kidda. “Ekki gráta Kiddi,” segir hann. “Við gerum öll mistök einhverntímann. Athugum hvort við getum lagað þetta.”

Umræðu spurningarnar

1. Hvaða siðferðislegu gildi eru til staðar í þessari sögu?
2. Hvernig liði þér ef þú værir Sigurður? Hvað myndir þú gera?
3. Hvað lærði Kalli af hegðun Sigurðar?
4. Hefur þú fyrirgefið einhverjum sem hefur sært þig eða skemmt eitthvað fyrir þér? Útskýrðu?
5. Af hverju er það mikilvægt að fyrirgefa einhverjum?

Æfingar 5.2

Börn geta leyst vandamál: Rannsóknir á yfirstandandi atburðum, Hugmyndaflæði, Og Umræður

Tilgangur

Í þessum þætti, velja börnin og taka saman yfirstandandi atburði þar sem þau takast á við mikilvæg samfélagsleg málefni/atburði. Athyglin er sett á eitt vandamál, nemendurnir koma fram með möguleika og koma sér saman um samhljóða álit á lausn vandamálsins

Efni

Blaðagrein um efnið eða vandamál sem er skylt siðferðigildum ríkisborgararéttar/samfélagsleg dyggð

Aðferð

Einum til tveimur dögum áður en þú hefur þennann þátt, biðurðu nemendurnar að klippa út grein um yfirstandandi atburði úr dagblaði eða tímariti og koma með það í skólann. Leggið áherslu á að greinin fjalli um málefni eða atburði sem eru samfélagslega mikilvæg. Komdu sjálf/sjálfur með grein sem fjallar um vandamál þar sem þroskaðrar lausnar er auðsjáanlega þörf fyrir.

Talaðu um mikilvægi þess við nemendurnar að vera vel upplýstir. Útskýrðu það að þjóðfélagið, þjóðin, og heimurinn er skapaður af einstaklingum eins og þeim. Þjóðfélög eru löguð af áhuga og þátttöku einstaklinga sem vinna saman. Manneskjur byggja, framleiða, fæða, stjórna og mennta. Í ferlinu, verða til árekstrar og vandamál, sem þeir verða líka að leysa. Spurðu nemendurnar hvers konar málefni, atburðir og vandamál þeir urðu varir við þegar þeir lásu dagblaðið. Biddu tvo af þessum nemendum að segja bekknum stuttlega frá greinunum þeirra.

Biddu þá alla nemendurnar að deila sínum greinum með félagi. Gefðu 5 mínútur í þetta. Að lokum skaltu lesa þína grein upphátt fyrir bekkinn. Útskýrðu samskipti sem eru í greininni, og ræðið vandamálin. Spurðu þessarar spurninga:

Hvert er vandamálið?

Hvers vandamál er það?

Hvaða siðferðilegu gildi eru falin í vandamálinu?

Tilkynntu að, í hópumræðum, eiga nemendurnir að koma fram með lausn á vandamálinu sem lýst var í greininni sem þú varst að lesa. Skiptu nemendunum í hópa með 3-5 einstaklingum. Gefðu hópunum 1 mínútu til að velja stjórnanda og upplesara. Þá gefurðu þeim 10 mínútur til að vera með hugflæði um lausnir við vandamálinu. Ef nauðsynlegt, farðu yfir aðferðirnar við hugflæði.

Eftir 10 mínútur hefjast svo umræður, þar sem hver hópur ræðir um og metur sýnar hugmyndir, eina lausn í einu. Verkefnið er að velja eina lausn sem kynnt er fyrir bekknum. Leggið til að þau svari þessum spurningum.

Mun þessi lausn leysa vandamálið?

Er raunverulega hægt að framleiða þessa lausn?

Mun samansetning uppástunga verða betri niðurstaða/lausn?

Leifðu nokkrar mínútur til viðbótar í umræður. Hvettu hópana að nota aðferð að leita af samhljóða til að komast að niðurstöðu. Fáðu stjórnanda hópsins til að flytja niðurstöðurnar fyrir bekkinn. Stjórnaðu síðan hámarks umræðum.

Umræðu spurningar

1. Hvað var erfiðast við að komast að niðurstöðu við þetta vandamál? Hvað var léttast við það?
2. Ef þinn hópur var ekki fær um að komast að ákvörðun, hvers vegna ekki?
3. Hvernig tókuð þið á í hópnum þegar þið voruð ósammála og upp komu andstæð sjónarmið?
4. Er einhver leið fyrir einstaklinga eða þjóðir að komast hjá vandamálum? Útskýrðu?
5. Hvernig getur við nýtt okkur þegar við erum að leysa vandamál hér í bekkjarstofunni við að leysa vandamál í heiminum fyrir utan?

Ef þú ert að kenna börnum á yngsta stigi, stýrðu þá hugflæðinu með öllum bekknum, með því að nota einföld orð og skýringar til að koma fram með lausnir á töflunni eða á kartonpappír.

Æfingar 5.3

Gildin Mín

Tilgangur

1. Að þekkja persónuleg gildi
2. Aukin þekking á gildum annarra hópmeðlima
3. Að þroska áfram heilbrigða skynsemi sem getur vísað viðkomandi í gegnum ákvarðanir í lífinu

Efni

Eitt eintak af “Það sem ég virði” virkni blað fyrir hvern þátttakenda; skriffæri

Aðferð

- A. Stjórnandi hópsins biður um skýringu á gildum og kemur síðan með endanlega skilgreiningu
- B. Biddu meðlimi hópsins að nefna algeng gildi og hvernig gildi þróast (frá fjölskyldumeðlimum, jafningjum, Sjónvarpi, lestri, trú, o.s.frv.).
- C. Hver meðlimur fær virkni blað og er beðinn að nota 5-10 mínútur til að svara spurningunum. Ef nauðsynlegt getur stjórnandi lesið spurningarnar upphátt eða þátttakendur hver fyrir sig.
- D. Þegar virkni blaðið er tilbúið, skiptist hópurinn í litla hópa. Hver hópur er beðinn um að ræða svör sín við spurningunum.

Hópumræður

- Eftirfarandi getur verið notað sem skilgreining á gildum: “Gildi eru trú eða tilfinning um að eitthvað sé tilvinnandi. Það gæti verið hugmynd, stefna til aðgerðar, eða eitthvað sem þú gerir. Þú getur talað um sönn gildi, sem byggja á einstakling vali, og koma fram reglulega á lífsleiðinni. Þú treystir á gildi til að hjálpa þér að taka ákvarðanir í lífinu.”
- Eftir að hafa látið af hendi skilgreiningu, spyrðu um dæmi um gildi og ræðið hvort það sé sönn gildi sem byggja á skilgreiningunni.
- Stjórnandinn leiðbeinir við umræður hvers hóps með hvatningu um að meðlimir beri kennsl á svipaða eða ólíka framsetningu einstaklings gilda, og leggur áherslu á að mikilvægi þess að dæma ekki svör sem rétt eða röng.
- Æfingin nær mestum árangri hjá hópum sem hafa þróað með sér upp að vissu marki gagnkvæmt traust og einlægni hvort við annað.

Eyðublað: Það sem ég virði

Leiðbeiningar: Vinsamlegast lestu hverja staðhæfingu og eftir það skaltu athuga hvert er líklegasta svarið/svörin.

1. Húsið mitt brennur. Allir aðrir eru flúnir. Ef ég hefði tíma til að taka einn hlut út úr húsinu, myndi ég taka:

___ gæludýrið mitt

___ uppáhalds flíkina mína

___ hljómflutnings (eða sjónvarpsgræjurnar)

___ peningana mína

___ annað _____

2. Ef vinir mínir vildu að ég prufaði ólögleg vímuefni, Myndi ég:

___ gera það

___ neita, og reyna að fá þau ofan af því

___ neita og síðar segja foreldrum þeirra frá neyslu þeirra

___ neita en vera áfram með þeim og segja ekki neitt

3. Ef besti vinur minn byrjaði að reykja sígarettur, myndi ég:

___ byrja líka

___ segja ekkert

___ reyna að fá vin minn ofan af því

___ segja foreldrum hans frá

___ safna saman upplýsingum um hættuna við reykingar og sýna vini mínum

það

___ annað _____

4. Ef pabbi minn færi að drekka mikið, myndi ég:

___ grátbiðja hann að hætta því

___ segja ekkert og halda mig frá honum

___ hafa samband við heimilislækninn okkar eða prestinn

halda mig að heiman eins mikið og hægt er

fela áfengið hans

annað _____

5. Ef vinur minn bæði mig að taka þátt í búðarhnupli, myndi ég:

neita og slíta venskap okkar

taka þátt

reyna að fá vin minn til að hætta við

segja foreldrum vinar mín frá því

neita en halda áfram venskap okkar

annað _____

6. Ef ég gæti tekið allar ákvarðanir um menntun mína, myndi ég:

hætta í skóla strax

fara í háskóla og ná mér í námsgráðu

fara í verknámsskóla og læra viðskipti

vera þar sem ég er

annað _____

7. Ef ég væri ríkur, myndi ég eyða peningunum mínum í:

menntun

ferðalög

stöðu

vini mína

fjölskylduna

annað _____

8. Ég er hamingjusamastur þegar:

ég geri foreldra mína stolta af mér

einhverjum líkar vel við mig og vinir mínir samþykkja mig

mér gengur vel í skólanum

mér finnst ég þekkja sjálfan mig

eitthvað sem ég hef skipulagt heppnast

annað _____

9. Mér líður illa þega:

ég veld vinum mínum vonbrigðum

ég vel foreldrum mínum vonbrigðum

mér gengur ekki eins vel og mér ætti í skólanum

einhverjum líkar ekki við mig

ég er í uppnámi og veit ekki hver ég er

annað _____

10. Ef ég gæti breytt einum hlut í heiminum, myndi ég:

stoppa öll stríð

eyða fátækt

verða betri manneskja

gera óhamingjusaman vin hamingjusaman

gera óhamingjusaman fjölskyldumeðlim hamingjusaman

annað _____

Æfingar 5.4

Horn úr horni

Tilgangur

Að hjálpa nemendum að verða meðvitaðri um skoðanir sína og að samþykkja þá staðreynd að mismunandi fólk er með mismunandi skoðanir.

Efni

Skilti sem á stendur “Sammála” og annas sem á stendur “Ósammála” í sitthvoru horninu í herberginu.

Aðferð

1. Gerðu yfirlýsingu eins og eftirfarandi: “Kona ætti að vera forseti í Bandaríkjunum.” Gefðu nemendum stund til að hugsa um yfirlýsinguna og til að hugsa um að hvaða marki þeim finnst hún vera sönn. Biddu þau að fara, þegar þú gefur merki, í hornið þar sem merkið er sem passar við þeirra skoðun.
2. Gefðu nemendum tíma í hvoru horni til að ræða ástæður þeirra að velja viðkomandi svar. Láttu hvorn hóp gefa upp ástæður fyrir að þeir velji þetta svar.
3. Endurtaktu æfinguna með eftirfarandi yfirlýsingum eða eins og tíminn leifir.

Allir ættu að þurfa að útskrifast úr menntaskóla/fjölbrautarskóla til að geta fengið ökuskírteini.

Stelpur eru klárari en strákar

Nemendur ættu að fá að ráða hvernig þeir klæða sig heima og í skólanum

Að gefa einkunnir ýtir undir svindl

Konur ættu að fá að fljúga í stríðsátökum

Aldurinn til að fá að kaupa áfengi ætti að vera lækkaður niður í 16 ára, og ökuleyfisaldur hækkaður upp í 19 ára.

4. Bentu nemendum á að það er ekkert rétt eða rangt horn til að standa í. Heimurinn er gerður af mismunandi fólki með mismunandi skoðanir.

Breyting

Biddu nemendur að láta sem þeir séu foreldrar sínir og gerðu sömu æfingarnar. Hvernig eru skoðanir foreldra þeirra svipaðar eða öðruvísi en þeirra?

Æfingar 5.5

Að dæma gildi annarra

Tilgangur

1. Að auka áhrif jákvæðra fyrirmynda
2. Að fá dýpri skilning á skoðunum og gildum annarra
3. Að rannsaka persónuleg gildi

Efni

“Að dæma gildi” virkni blað fyrir hvern þátttakanda, skriffæri; sjálfsæfisaga að eigin vali

Aðferð

- A. Stjórnandinn kynnir verkefnið með því að spyrja þátttakendur hvort þeir hafi stoppað til að hugsa af hverju fólk hegðar sér á ákveðinn hátt og hvernig gildi geti haft áhrif á þessa hegðun. Hópurinn er hvattur til að koma með athugasemdir.
- B. Þátttakendur eru látnir hafa það verkefni að lesa um persónu sem þau hafa áhuga á eða þau líta upp til sem fyrirmynd.
- C. Í næsta tíma, dreifir stjórnandinn eyðublaðinu “Að dæma gildi” og biður þátttakendur að hugsa um manneskjuna sem þau lásu um áður en þau svara spurningunum.
- D. Nemendur eru beðnir um að para sig og skiptast á að ræða svör sín. Stjórnandinn fer á milli hópa til að auðvelda umræður.
- E. Hver einstaklingur er beðinn um að deila einu svari með öllum hópnum.

Umræður hópsins

- Hvert par ræðir það sem er líkt og það sem er ólíkt á milli fyrirmynda sinna. Stjórnandinn hvetur þátttakendur til að bera saman sínar persónulegu skoðanir og gildi við persónuna sem þau lásu um.
- Þegar hópurinn deilir eini svari með öllum hópnum, hjálpar stjórnandinn þátttakendunum að taka eftir líkindum á mill svara annarra.

- Þetta verkefni hjálpar þátttakendum að kanna mismunandi fyrirmyndir og skoðanir.
- Þetta verkefni ætti að vera kynnt snemma í ferli hópmyndunar, sérstaklega þegar hegðun er umræðuefnið.

Eyðublaðið; Að dæma gildi

Leiðbeiningar: Veljið einhverja sjálfsævisögu sem þið eigið heima eða á bókasafni skólans eða almennu bókasafni. Svaraðu svo eftirfarandi spurningum

1. Hvernig myndir þú lýsa þessari persónu?

2. Hver eru gildi þessarar persónu?

3. Fyrir hverju stendur þessi persóna? Hverju er hún á móti?

4. Hefur þú einhvern tímann gert eitthvað eins og þessi persóna?

5. Hvernig komst þessi persóna þangað sem hún er í dag? Hver er menntun hennar? Hvað gerði þessi persóna í frítíma sínum?

6. Berð þú virðingu fyrir þessari manneskju? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Æfingar 5.6

Rétt eða Rangt

Tilgangur

1. Að hjálpa við að koma á gildum sem veita leiðbeiningar við ákvarðanir í lífinu
2. Ýta undir innsýn og skilning á gildum annarra
3. Að ýta undir færni í samvinnu

Efni

pappaspjöld eða tafla; töflutúss

Aðferð

- A. Stjórnandinn biður þátttakendur að hugsa um eftirfarandi spurningar: Hefur þú einhver tíman verið í vafa um það hvað er rétt og hvað er rangt að segja? T.d. ef þú heyrir óvart vin þinn tala illa um annan vin. Hvað áttu að gera þá? Þú stendur systkini þitt að verki við að ljúga að foreldrum ykkar. Segir þú þeim það? Það er ekki létt að svara þessum spurningum.
- B. Þátttakendur eru beðnir um að vera í 3ja manna hópum. Þjálfarinn skrifar á töfluna orð eins og *lygar*, *kjafta frá*, *stela* og *berja*.
- C. Þriggja manna hóparnir eru beðnir um að ræða þessi orð, hvenær það gæti verið rétt eða rangt að gera það sem orðin lýsa.
- D. Eftir 10 – 15 mínútna umræður, setjast nemendur í stóran hóp og sjálfboðaliði frá hverjum umræðuhóp segja frá niðurstöðum hópsins um “rétt og rangt” fyrir þessi mismunandi orð sem rædd voru í umræðuhópunum.

Hóp umræður

- Á meðan meðlimir deila hugmyndum sínum, hvetur stjórnandinn aðra til að stilla sig um að dæma hvort svörin eru “rétt eða röng.” Meðlimir leita eftir líkingum og ágreiningi í persónulegu samhengi eftir því sem líður á umræðurnar.
- Þetta verkefni getur leitt til mikillar fjölbreytni af skoðunum um hvað er rétt eða rangt, og umræðunni má svo halda áfram í öðrum tíma.

- Verkefnið var hannað fyrir hópa sem hafa komið sér upp að einhverju marki hópsamkennd og eru á seinni stigum í þróun hópsins.

Æfingar 5.7

Stattu með þínum Gildum

Kynning

Ágreiningur rís vegna þess að við erum öll með mismunandi skoðanir, gildi, og skilning. Að skilja stöðu annarra um gagnrýnið efni er eitt skref í að hafa stjórn á ágreiningi. Þegar við skiljum og berum virðingu fyrir stöðu annarra – og hljótum virðingu og skilning gagnvart stöðu okkar – stendur okkur minni ógn af öðrum.

Stundum vitum við ekki hvar við stöndum gagnvart ákveðnu málefni. Ef við höfum ekki staðið andspænis, getur verið að við höfum ekki hugsað mikið um málefni til að ákvarða stöðu okkar. Til að skýra stöðu okkar um ákveðið málefni, er gagnlegt að hlusta á hugmyndir og rökleiðslu annarra.

Tilgangur

- Að sýna/sanna hinar ýmsu hliðar sem aðrir halda fram á ákveðnum málefni
- Að hvetja þátttakendur til að taka afstöðu gagnvart tilfinningum, skoðunum og gildum
- Að skaffa tækifæri til að hlusta á hugmyndir og rökleiðslu annarra

Efni

Herbergi þar sem lítið er af húsgögnum til að gefa kost á líkamlegri hreyfingu þátttakenda í hin mismunandi horn

Tími

20 mínútur

Aðferð

1. Byrjið á því að láta þátttakendur standa í miðri stofunni. Deilið með þeim einu af efnunum sem er á listanum á næstu bls. Merktu hvert horn í stofunni fyrir einstaklinga með sérstaka afstöðu til máefnis. Hornin ætti að nefna: mjög sammála, sammála, ósammála, mjög ósammála. Biddu þátttakendur að fara í

- horn sem sýna skoðun þeirra gagnvart þessu málefni. Þeir sem geta ekki ákveðið sig eða hafa enga skoðun ættu að halda sig í miðjunni á stofunni.
2. Þegar hópurnir hefur skipt sér niður á málefnið, biðu þá um sjálfboðaliða sem deila skoðunum sínum fyrir að velja þessa afstöðu. Þátttakendur mega skipta um horn hvenær sem er ef þeir óska þess.
 3. Haltu svona áfram með málefnið á næstu síðu eða búðu til þín eigin.

Áframhaldandi aðgerð

1. Hvaða einstaklingar voru fyrstir að fara í hornin sem þeir völdu?
2. Voru einstaklingar sem biðu eftir að aðrir hreyfðu sig áður en þeir tóku afstöðu?
3. Voru einhverjir einstaklingar sem voru meira í miðjunni á stofunni en aðrir?
4. Hversu hreyfanlegur ert þú varðandi umdeild málefni?
5. Var þér haggð með rökstuðningi annarra? Hver var mest sannfærandi?

Taktu afstöðu með

1. Er betra að fara eftir þínum eigin framtíðarplönun, jafnvel þó foreldrar þínir séu á öðru máli.
2. Við þurfum öll á trúarlegum gildum að halda í lífi okkar.
3. Er betra að vera í vinnu sem þú færð há laun í heldur en vinnu sem þú ert ánægður í.
4. Þú getur ekki verið í hlutastarfi og samt haldið stöðu þinni sem yfirmaður.
5. Þeir sem útskrifast með háskólagráðu þéna ekki svo mikið á lífsleiðinni að þeir nái þeim sem byrja að vinna strax eftir stúdentspróf.
6. Deilurnar um að hafa kynlíf fyrir giftingu eru ekki þess virði.
7. Það er enginn munur á því að alast upp hjá einstæðu foreldri eða báðum foreldrum.
8. Einkabörn (engin systkini) standa ekki betur að vígi en börn sem eiga bræður og systur.
9. Það skiptir ekki máli í hvaða háskóla þú ferð. Að ná sér í gráðu er það sem skiptir máli.

10. Einungis stúdentar sem fá ekki inngöngu í háskóla fara í viðskipta eða tækniskóla.

Æfingar 5.8

Lygar, Lygar, Lygar: Að ýkja sögu

Tilgangur

Þessi aðgerð notar sögur og ýkjur til að hjálpa börnum að upplifa og skilja afleiðingar (þar með taldar tilfinningar) sem hljótast af lygum.

Efni

Bækur með kafla í þar sem einhver lýgur og finnur til sektar eða verður fyrir afleiðingum (t.d. *Otherwise Known as Sheila the Great*, eftir Judy Blume; *A Big Fat, Enormous Lie*, eftir Marjorie Sharmat; *Petunia*, eftir Roger Duvoisin)

Aðferð

Segðu sögu eins og þessa, eða lestu kafla úr bók þar sem einhver lýgur og er gómaður við það eða honum líður illa.

Stóra lygin

Sigga sat spennt í morgunmat. Hún gat ekki borðað nógu hratt. Ekki heldur mamma hennar og frænka og frændi sem hún var að heimsækja yfir sumarið. Það var mikil skemmtun í bænum og, ídag, ætluðu þau öll að mæta. Í huga sér gat Sigga séð fyrir sér trúðana, fundið fyrir spennunni í tívolítækjunum, fundið lyktina af candyflosinu og poppkorninu, og heyrt auglýsingakarlana hrópa, “Ef þú fellir aðeins þrjár endur getur þú unnið fallest leikfang” eða “Komdu hingað snöggvast og ég giska og hvað þú ert þung.” Þegar fjölskyldan var loksins tilbúin, sagði mamma Siggu við hana, “þú mátt velja þér gjöf á hátíðinni og ég kaupi hana handa þér.” Sigga gat ekki beðið eftir að sjá alla sýningabásana með leikföngum svo hún gæti valið sér.

Á hátíðinni var Sigga heilluð á svo mörgum falletum hlutum. Þegar hún var búin að rölta fyrir framan básana, minnkaði hún valið niður í fallett hjarta-laga hring og mjúkan, krúttlegan bangsa. Oh, erfitt val! Siggu langaði í þetta bæði. Að lokum sagði Sigga mömmu sinni að henni langaði í hringinn, svo mamma keypti hann fyrir hana. Þegar þær voru að ganga annarstaðar á hátíðinni, dáðist Sigga af hringnum á fingri sínum, en hún hugsaði áfram um bangsann. Þá fékk hún hugmynd. Án þess að nokkur tæki eftir því, laumaði Sigga hringnum í vasann sinn.

Rétt áður en þau tóku sér hádegishlé, hrópaði Sigga upp, “Ég er búin að tína hringnum mínum.” Öll fjölskyldan leitaði á jörðinni í kring, en hringurinn var horfinn. Mamma Siggu fann svo til með henni að hún bauðst til að kaupa annann. Sigga vældi, “Nei, ég vil fá bangsa.” Svo mamma hennar fór með hana í básinn þar sem bangsarnir voru. Sigga var ánægð með að henni hafði tekist að plata mömmu og fjölskylduna, og fengið báðar gafirnar.

Þegar Sigga settist niður í mat með fjölskyldunni, setti hún hendina í vasann til að kanna hvort hringurinn væri enn þar. Ánægð yfir því að hann væri öruggur, dró hún hendina upp. Samt sem áður dróst hringurinn út með hendinni og féll í gólfíð. Þegar fjölskyldan sá hringinn detta í gólfíð, vissu þau hvað Sigga hafði verið að bralla. Þau vissu að hún hafði logið um að hringurinn væri týndur. “Þú laugst að okkur,” sagði frænka hennar harkalega. “Hvernig gastu gert slíkt?” sagði mamma hennar og horfi á Siggu vantrúuð. “Nú varstu óþekkt stelpa!” sagði frændi með skammartón.

Það sem eftir var dags var fjölskyldan frekar köld við Siggu. Henni leið hræðilega. Hún óskaði að hún hefði ekki logið. Hegðun hennar eyðilagði daginn fyrir henni og fjölskyldunni. Sigga hét sjálfri sér að hún myndi aldrei framar ljúga, hversu erfitt sem það gæti verið.

Biddu nemendurnar að hjálpa þér að raða upp atburðunum í sögunni. Búðu til viðbótar Samtal með því að tala um hvað Sigga og hinar persónurnar gætu hafa sagt í hvaða þætti og hvers vegna. Næst, biddu um sjálfboðaliða til að leika söguna.

Eftir að fyrsti nemandi hópurinn hefur fært söguna í leikbúning, biddu næsta hóp að leika sömu sögu. Útskýrðu fyrir leikurunum:

- Við ætlum að setja leikritið upp aðeins öðruvísi. Einhverntímamann í hverjum þætti, segi ég, “Frjósíð.” Þegar þið heyrið það orð það haldið þið stöðu ykkar og hættið að tala. Ég mun ganga á milli ykkar og banka mismunandi leikara í bakið. Þegar þið verðið vör við bankið, segið okkur hvað persónan ykkar er að hugsa og finna fyrir á þessu augnabliki. Ég mun banka í einn leikara, eða fleiri meðan á “frostinu” stendur. Haldið svo áfram með leikritið þegar ég segi “Byrja.”

Láttu nokkra hópa leika “Stóru lygina.” Farið eftir sömu aðferð með aðrar sögur einnig. Lesið kafla úr bókum þar sem persónur ljúga og líður illa yfir því/ eða er gripinn við það að ljúga. Leifðu einum hóp að leika röð atriða án þess að vera trufluð áður en þið bætið við “frjósa” tækninni. Lokið aðgerðinni með samantekt.

Umræðu spurningar

1. Hvernig líður þér þegar þú veist að einhver hefur logið að þér?
2. Ef þú lygir reglulega um sjálfa þig og það sem þú áorðar, hvernig heldurðu að aðrir myndu bregðast við ef þeir kæmst að því?
3. Heldurðu að lygar geti orðið vana – einhvað sem manneskja gerir án þess að hugsa? Ef svo, hvernig er þá hægt að breyta þessum vana?
4. Af hverju ættum við að gera sannsögli að vana?

Æfingar 5.9

Menning í Skólanum þínum

Tilgangur

Að ýta undir meðvitund um mismunandi hefðir í skólanum

Efni

Skólatafla

Aðferð

1. Útskýrðu fyrir nemendum að við erum öll með mismunandi bakgrunn. Við erum mismunandi eftir kynþætti, trú, upprunalandi, eða siðferðis grunni. Þessi mismunur er menningarlegur bakgrunnur okkar.
2. Biddu nemendur að finna alla menningahópa í skólanum sínum. Skrifðu listann á töfluna.
3. Farið hringinn og biðjið nemendur að segja frá sínum menningar bakgrunni. Spurjið hvort flestir vinir þeirra séu með svipaðinn bakgrunn eða með ólíkan bakgrunn.
4. Útskýrið að við erum öll “afmörkuð af menningu.” Það er, að við trúum á þá leið sem eru samþykktar og hefðbundnar fyrir þann menningarhóp sem við samsömum okkur helst við. Við veljum vanalega að vera með þeim sem eru líkastir okkur.
5. Hvettu nemendur til að ræða af hverju flestir af nánnum vinum okkar eru svipaðir okkur menningarlega.
 - Hvaða dæmi geturðu nefnt um það hvernig þín menning er öðruvísi en annarra (t.d., gildi, tungumál, klæðnaður, viðhorf)?
 - Hver eru tækifæri og vandamál sem koma upp þegar þú leiðir saman mismunandi fólk frá mismunandi menningum?
 - Er það erfitt fyrir sumt fólk að samþykkja aðra sem eru öðruvísi en þeir sjálfir? Hversvegna?
 - Hvað er það sem við getum gert til að hjálpa öðrum að verða meira skilningsrýkir og samþykkir einstaklingsmismuni?
 - Ýmindaðu þér að þú sért að koma til Bandaríkjana í fyrsta skypti. Gerðu lista yfir hefðir og venjur sem þú gætir séð sem eru undarlegar (t.d., Páskakanínan, spádómur í smákökum, verslunarmiðstöðvar).

Mismunur

Lestu um Geimfarana þrjá, eftir U. Eco og E. Carmi. Þessi saga fjallar um þrjá geimfara af mismunandi þjóðerni sem halda af stað í mismunandi geimförum og hittast á Mars. Ræðið hvað er sameiginlegt með geimförunum og hvernig þeir læra að búa saman.

Æfingar 5.10

Sérstakt lof til....

Tilgangur

Að hjálpa nemendum að skipuleggja framtíðina hvað þeim langar til að verða þekkt fyrir og að hvetja þau til að byrja að hugsa um þá leið sem þau sjá líf sitt stefna í

Efni

Blað og penni

Aðferð

1. Segið nemendum að það verði móttaka þar sem eigi að veita þeim viðurkenningu er þau láta af störfum. Þau eiga að semja lof til sjálfrar sín þar sem þau leggja áherslu á það sem þau hafa áorkað og það sem þau eru þekkt fyrir.
2. Biddu hvern nemanda að skrifa grein þar sem fram kemur hvernig hann/hún verða kynnt og fær viðurkenningu fyrir.
3. Safnaðu saman blöðunum og lestu hvert þeirra fyrir hópinn. Látið hópinn giska á um hvern er verið að lesa, hver það er sem fær viðurkenninguna.

Mismunur

1. Leikið sérstakt tilefni, með mismunandi meðlimum hópsins sem skiptast á að tala um einn nemenda sem er heiðurs gestur.
2. Segið nemendum að hvert þeirra hafi unnið Nóbels-verðlaun. Látið þau vita að það eru margir flokkar fyrir þessi verðlaun – vísinda, bókmennta, friðar, og svo framvegis. Spurðu þau hvaða Nóbels-verðlaun þau gætu unnið og hvað þau gætu hafa gert til að vinna þau.
3. Látið nemendurnar hanna morgunkornskassa með mynd af sér á framhliðinni og úrdrátt úr æfi þeirra á bakhliðinni.
4. Þróðu töflu með fréttatilkynningu um nemanda vikunnar. Láttu alla nemendurnar séta nafnið sitt í hatt. Dragðu eitt nafn í viku. Sá sem er valinn

hverju sinni fær svo að ráða hvernig fréttatilkynning hans er sem látinn er á töfluna.

Æfingar 5.11

Hvað er mikilvægt fyrir mig

Markmið

Að skýra persónuleg gildi

Efni

Blað og penni eftir þörfum

Aðferð

1. Segðu nemendur að deila einhverju sem hefur gildi fyrir þeim. Útskýrðu að maður velur sín gildið sjálfur (enginn annar fær þig til að gefa þeim gildi), að það er þess virði að verja þau (þú ert ánægður með að hafa þessi gildi) og þú fylgir þeim (þú hagar þér í samræmi við þessi gildi). Sem dæmi; ef manneskja ber virðingu fyrir gildinu frjáls, ætti viðkomandi að vera tilbúinn að taka þátt í mótmælum fyrir frelsi kúgaðs hóps og fyndist rétt að gera það.
2. Biddu nemendurnar að skrifa niður 5-10 hluti sem hafa gildi fyrir þeim. Þau gætu fjallað um trú, eign, hegðun, og s.frv.
3. Biddu nemendur að setja V við hvert gildi sem þau halda að þau hafi valið af frjálsum vilja. Ef þau eru sátt við þetta gildi, ættu þau að setja M fyrir fram það. Ef þau aðhafast í samræmi við gildin, ættu þau að merkja það með A. (Bendið á að það “að aðhafast” getur þýtt bæði að maður geri eitthvað áþreifyfanlegt, svo sem að taka þátt í mótmælum eða leggja til peninga, en það getur líka þýtt að láta í sér heyra opinberlega um að þetta sé eitthvað sem hefur gildi fyrir þér.)

Umræður

Innihaldið

1. Stendur V, M og A (Val, rétt að Meta og Aðhafast) fyrir fram flesta af þáttunum ykkara?
2. Var erfitt að hugsa um hluti sem hafa gildi fyrir ykkur?

Persónulegar spurningar

1. Hvað hefur lært um gildin þín út frá þessu verkefni hér?
2. Ef þú uppgötvar að þú aðhefst ekki samkvæmt gildunum þínum, hvað geturðu þá gert við því?
3. Hvað geturðu gert ef þú hefur ekki sömu gildi og aðrir? Þarftu að breyta sýn þinni, jafnvel þó það gætir verið erfitt fyrir þig að verja hin gildin?
4. Hafa gildi þín verið að breytast á síðastliðnum árum? Hvernig? Heldur þú að þau haldi áfram að breytast?

Til kennarans

Hjálpaðu nemendum að aðhafast samkvæmt því sem þau segja og trúá, og að greina á milli sinna gilda og gilda annarra, og að skilja að ef okkur finnst ekki rétt að gera eitthvað, er það eitthvað sem hefur ekki gildi fyrir okkur.